



Kópavogur, 27. október 2020
Málsnr.: 2010070/Málalykill: 0.10.2

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns) – Þingskjal 11 – 11. mál.


Vísað er til tölvubréfs dags. 13. október 2020 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Þær breytingar á barnalögum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu snúa fyrst og fremst að setningu heimildar til að semja um skipta búsetu barns og réttaráhrif þess. Auk þess eru lagðar til breytingar á öðrum lögum til að ná fram tilteknum réttaráhrifum vegna skiptrar búsetu barns. Þá eru lagðar til breytingar á barnalögum sem lúta að lögbundnum forsendum samninga foreldra um forsjá, búsetu og umgengni, nýtt ákvæði um samtal að frumkvæði barns, skýrari ákvæði um rétt barns til að tjá sig auk nokkurra breytinga á ákvæðum er snúa að framfærslu og meðlagi.

Stofnunin hefur ekki sérstakar athugasemdir varðandi efni frumvarpsins en hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á öðrum lögum sem heyra undir nokkur ráðuneyti og síðan tekið fram í greinargerð með frumvarpinu að fram að gildistöku laganna verði unnið að breytingum á fleiri lögum.

Í því sambandi vill Tryggingastofnun taka það fram að það skiptir oft höfuðmáli varðandi rétt til greiðslna vegna barna frá stofnuninni, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007, hver sé framfærandi þess þar sem hann er þá viðtakandi greiðslna. Ef þessar breytingar ná fram að ganga um að hægt sé að semja um skipta búsetu barns og barnið eigi fasta búsetu hjá báðum foreldrum getur það haft áhrif á það hver telst framfærandi barns sem geta þá hugsanlega verið báðir foreldrarnir. Spurningar vakna þá um hvort báðir foreldrar eigi rétt á greiðslum og þá hvort að um fullar greiðslur eða hálfar greiðslur eigi að vera um að ræða.

Ef ætlunin er að vinna að breytingum að öðrum lögum og skoða með annan opinberan stuðning við þessar fjölskyldur sem samið hafa um skipta búsetu barns síns þá óskar Tryggingastofnun eftir því að haft verði samráð og málið unnið í samvinnu við stofnunina með hliðsjón af ofangreindu.

Virðingarfyllt,

Sigrún Jónsdóttir, staðgengill forstjóra